



## Greinargerð með fjárhagsáætlun 2023-2026

Síðari umræða í  
bæjarstjórn Akureyrarbæjar  
6. desember 2022

## Inngangur

**Fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar** fyrir árið 2023 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2024–2026 er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta.

**A-hluti** samanstendur af aðalsjóði og eignasjóðum. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa bæjarins sem er fjármögnuð með skatttekjum og þjónustugjöldum. Í Eignasjóði gatna, Fasteignum Akureyrarbæjar og Umhverfismiðstöð er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna, gatna og hirðingu bæjarlandsins. Í áætlun A-hluta er milliviðskiptum, vegna innri leigu, fasteignaskatta og afnota af íþróttamannvirkjum, jafnað út á milli stofnana.

**Til B-hluta** teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru í eigu bæjarins og fjármögnuð eru með þjónustutekjum, en þau eru m.a. félagslegar íbúðir, bifreiðastæðasjóður, Strætisvagnar Akureyrar, Hafnasamlag Norðurlands, Hlíðarfjall og Norðurorka. Greinargerð með fjárhagsáætlun er birt með fyrirvara um villur sem í henni kunna að leynast.

## Efnisyfirlit

Vinnuferli fjárhagsáætlunar

Forsendur áætlunar

Fjárhagsáætlun

Framkvæmdir

Málaflokkayfirlit

# Vinnuferli fjárhagsáætlunar

- **Bæjarstjórn** mótar stefnu og áherslur sem fjárhagsáætlun byggist á.
- **Bæjarstjóri** boðar bæjarstjórn, formenn fagráða og sviðsstjóra á vinnufund um áherslur fjárhagsáætlunar næsta árs.
- **Sviðsstjórar** og fagráð fjalla um og gera tillögur til bæjarráðs að breytingum á þjónustustigi, nýrri starfsemi og starfsemi sem hægt sé að leggja niður eða breyta.
- **Fagráð** fjalla um drög að starfsáætlun og vísar til bæjarráðs.
- **Sviðsstjóri fjársýslusviðs** leggur fram til bæjarráðs forsendur fjárhagsáætlunar og áætlar ráðstöfunarfé bæjarins og leggur fram tekjuáætlun.
- **Bæjarstjóri og formaður bæjarráðs** leggja fram tillögu í bæjarráði að skiptingu ráðstöfunarfjár næsta fjárhagsárs, annars vegar milli rekstrar og fjárfestinga og hins vegar skiptingu rekstrarfjárins niður í fjárhagsramma til einstakra málaflokka auk ramma til ófyrirséðra útgjalda. Skiptingin ræðst af áætluðu ráðstöfunarfé, útgjaldaþróun undanfarinna ára, fjárhagsáætlun yfirstandandi árs, þriggja ára áætlun, fyrirbyggjandi kjarasamningum svo og af stefnumótun bæjarstjórnar og áherslum.
- **Bæjarráð** samþykkir forsendur, tekjuáætlun og fjárhagsramma.
- **Bæjarstjóri** felur **sviðsstjórum** að ganga frá starfsáætlunum, launaáætlun, breytingum á gjaldskrá og tillögum í frumvarp að fjárhagsáætlun og leggja fyrir bæjarráð.
- **Sviðsstjóri**, sem fengið hefur fjárhagsramma, vinnur drög að fjárhagsáætlun og starfsáætlun í samvinnu við fagráð og sendir fjársýslusviði sem útbýr frumvarp fyrir bæjarráð. Skál sú vinna byggja á samstarfssamningi meirihluta hverju sinni og þeim fjármunum sem málaflokksnum er úthlutað í fjárhagsramma.
  - Öll rekstrargjöld sem falla undir málaflokk skulu vera innan fjárhagsrammans.
  - Starfsáætlun er útfærsla á því hvernig fjármunum málaflokksins verður varið þ.e. hvernig þeim skuli skipt milli stofnana málaflokksins og lýsir því hvernig rekstri málaflokksins verði fyrir komið innan rammans.
- **Bæjarráð** fjallar um drög að fjárhagsáætlun og starfsáætlanir ráða í einstökum málaflokkum og þær breytingar á starfsemi sem í þeim felast. Bæjarráð getur óskað eftir að starfsáætlun sé endurunnin eða gert tillögu að breytingum.
- **Sviðsstjóri fjársýslusviðs** vinnur frumvarp að fjárhagsáætlun auk greinargerðar um frumvarpið og leggur fyrir bæjarráð.
- **Bæjarráð** fjallar um fjárhagsáætlanir sviða og vísar þeim til bæjarstjórnar.
- **Bæjarstjórn** fjallar um og samþykkir fjárhagsáætlanir á tveimur fundum. Starfsáætlanir eru staðfestar í bæjarstjórn.

# Hlutverk í áætlunarferli

- **Bæjarstjórn** mótar stefnu og áherslur sem fjárhagsáætlun byggir á, samþykkir breytingar á gjaldskrá, þjónustustigi og starfsemi.
- **Bæjarráð** samþykkir tekjuramma og skiptingu rekstrarfjár í fjárhagsramma málaflokka. Ráðið gerir tillögur að breytingu í rekstri, á gjaldskrá og þjónustustigi, fjallar um og samþykkir tillögur sviðsstjóra að starfsáætlun og skiptingu rekstrarramma málaflokks niður á stofnanir. Bæjarráð fjallar um tillögur til nýframkvæmda, leggur fram tillögur um starfs- og fjárhagsáætlun til fyrri umræðu í bæjarstjórn og eftir atvikum breytingatillögur til síðari umræðu.
- **Bæjarstjóri** og **formaður bæjarráðs** bera ábyrgð á undirbúningi fjárhagsáætlunar, þau leggja fram tillögu í bæjarráði að skiptingu ráðstöfunarfjár næsta árs milli rekstrar og fjárfestinga og rekstrarfjár niður í fjárhagsramma til einstakra málaflokka auk ramma til ófyrirséðra útgjalda. Skiptingin ræðst af áætluðu ráðstöfunarfé, útgjaldaþróun undanfarinna ára, fjárhagsáætlun yfirstandandi árs, þriggja ára áætlun og af stefnumótun bæjarstjórnar og áherslum.
- **Fagrað** er bæjarstjórn til ráðuneytis um stefnumótun og forgangsröðun verkefna. Leggur fram tillögur til bæjarráðs að breytingum á þjónustustigi, nýrri starfsemi og starfsemi sem hægt sé að leggja niður eða breyta. Fjallar um fjárhagsáætlun og samþykkir starfsáætlun og vísar til bæjarráðs.
- **Sviðsstjórar** vinna starfsáætlanir í samráði við fagrað, gera tillögu til bæjarráðs um skiptingu fjárhagsramma niður á stofnanir og verkefni á þeirra sviði. Bera ábyrgð á að skila sundurliðaðri fjárhagsáætlun á einstaka gjaldaliði til fjársýslusviðs.
- **Sviðsstjóri fjársýslusviðs** áætlar skatttekjur og aðrar tekjur aðalsjóðs næstu ára, leggur fram yfirlit yfir helstu forsendur varðandi þróun tekna og gjalda, forsendur fjárhagsáætlunar og mat sitt á almennum verðbreytingum milli fjárhagsára. Fer yfir fjárhagsáætlanir, aðgætir hvort að þær séu samkvæmt gefnum forsendum, leiðbeinir um samræmda framsetningu fjárhags- og starfsáætlunar, annast frágang og útgáfu að tillögum og samþykktri fjögura ára fjárhagsáætlun.



# Forsendur áætlunar - Efnahagsumhverfi

Forsendur fjárhagsáætlunar Akureyrarbæjar 2023 byggir á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá því í júní, spá bankanna sem og spá Seðlabankans.



Spá Hagstofu gerir ráð fyrir 5,10% hagvexti árið 2022, 2,9% hagvexti árið 2023, 2,2% á árinu 2024 og 2,5% á árinu 2024 og 2,4% árið 2024.




Kjarasamningar á almenna markaðinum eru lausir og eri almennt að losna um næstu áramót hjá hinu opinbera. Í áætluninni er ekki birt spá um breytingu á launum vegna væntanlegra kjarasamninga. Að sama skapi er ekki reiknað með launabreytingum vegna kjarasamninga í tekjuáætlun vegna útsvars.



Gert er ráð fyrir að meðalverðbólga á árinu 2022 verði 7,5% og 4,9% á árinu 2023 og verði komin í 3,3% á árinu 2024 og verði 2,6% og 2,5% árin 2025 og 2026.



Þann 1. janúar 2022 voru bæjarbúar 19.642. Íbúum hefur að meðaltali fjölgað um 0,9% á ári frá árinu 2009. Á árinu 2021 hefur fjölgað um 423 íbúa og áætlað er að íbúum muni fjölga um 1,3% eða um 250 manns á ári út áætlunartímabilið.





# Forsendur áætlunar - Tekjur



## Skatttekjur

- Útsvarsprósenta Akureyrarbæjar hefur verið 14,52% á árunum 2014-2022. Fjárhagsáætlun 2023 gerir ráð fyrir óbreyttri útsvarsprósentu. Í áætlunin er ekki spáð um kjarasamningsbundnar launahækkunarir en flestir kjarasamningar eru lausir núna eða í byrjun næsta árs.
- Álagningarprósenta fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði lækkar um 9,4% á milli ára eða úr 0,33% af fasteignamati í **0,31%** Álagningarprósenta á annað húsnæði er óbreytt milli ára, eða 1,32% af fasteignamati skóla, sjúkrahúsa, bókasafna og íþróttahúsa og 1,63% af öðru húsnæði.



## Framlög Jöfnunarsjóðs


- Akureyrarbær fær framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna fasteignagjalda, grunnskóla, þjónustu við fatlaða, nýbúafræðslu o.fl.
- Áætlað er að framlög Jöfnunarsjóðs á árinu 2023 verði 4,9 ma.kr. sem er veruleg hækkun milli ára. m.a. vegna væntrar breyttrar tekjuskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga til að mæta auknum kostnaði við málaflokk fatlaðs fólks.



## Aðrar tekjur

- Almennt var gert ráð fyrir 7,5 -10% hækkunum á gjaldskrá í samræmi við verðlagsbreytingar á milli ára. Gjaldskrá leikskólagjalda verður óbreytt á milli ára.

## Fasteignamatstofn árið 2023 (þús.kr.)



● A - Íbúðarhúsnæði ● B - Opinbert húsnæði ● C - Atvinnuhúsnæði

## Fasteignamatstofn (þús.kr.)

| Ár   | A- flokkur,<br>Íbúðarhúsnæði | B- flokkur,<br>opinbert húsnæði | C- flokkur,<br>atvinnuhúsnæði |
|------|------------------------------|---------------------------------|-------------------------------|
| 2023 | 427.530.164                  | 32.899.853                      | 81.571.825                    |
| 2022 | 341.668.932                  | 29.824.166                      | 73.008.575                    |
| 2021 | 329.065.595                  | 27.113.680                      | 66.932.616                    |
| 2020 | 319.443.569                  | 26.623.934                      | 65.466.152                    |
| 2019 | 286.806.106                  | 24.552.224                      | 60.204.234                    |
| 2018 | 236.563.357                  | 22.880.101                      | 54.192.958                    |



# Forsendur áætlunar - Gjöld tengd launum



## Laun, launatengd gjöld, persónu- og orlofsuppbót

- Launakostnaður er áætlaður út frá stöðugildum og tekur mið af gildandi kjarasamningum.
- Flestir kjarasamningar á almenna markaðinum eru lausir og losna í byrjun næsta árs á opinbera markaðinum.
- Ekki er gert ráð fyrir né spáð fyrir um launahækkanir á árinu 2023 í áætluninni. Sama á við um áætlun tekna, þar er ekki spáð fyrir um launabreytingar á næsta ári.
- Áætlunin mun því taka breytingum bæði tekna- og gjaldamegin þegar gerð kjarasamninga er lokið.



## Nefndarlaun

- Nefndarlaun nema skilgreindum hundraðshluta af viðmiðunarlaunum sbr. reglur um laun bæjarfulltrúa og nefndarfólks sem nálgast má á heimasíðu Akureyrarbæjar.

## Stytting vinnuviku - Betri vinnutími



- Á árinu 2021 styttist vinnutími flestra starfsmanna fyrir utan starfsfólk slökkviliðs og skólastjórnendur sem hófu styttingu á árinu 2022.
- Kostnaðarauki vegna betri vinnutíma vaktavinnufólks er að meðaltali um 10% þar sem ráða þarf fleiri starfsmenn til starfa.
- Vinnutímastyttingin verður að fullu innleidd á árinu 2023.

## Áætluð stöðugildi að meðaltali árið 2023



Stöðugildi A-hluta

1.405




Stöðugildi B-hluta

135

## Þróun launavísitölu

● Almennur vinnumarkaður ● Starfsmenn sveitarfélaga



Launavísitala mælir mánaðarlegar breytingar á reglulegum launum á íslenskum vinnumarkaði og sýnir almenna launaþróun. -hagstofan.is




# Forsendur áætlunar - Fasteignir og annar rekstrarkostnaður



## Vísitala neysluverðs

- Vísitala til verðtryggingar er 560,9 stig í lok árs 2022 og gert er ráð fyrir að hún verði orðin 583 stig í árslok 2023.
- Meðalvísitala neysluverðs innan ársins 2023 er áætluð 572,4 stig en 545,3 stig árið 2022.
- Vísitala neysluverðs hefur áhrif á fjármagnsliði og húsaleigu í áætlun árána 2023-2026.



## Annar rekstrarkostnaður

- Gert er ráð 10% kostnaðarauka árið 2023 í öðrum rekstrarkostnaði.



## Húsaleiga Fasteigna Akureyrarbæjar

- Umhverfis- og mannvirkjasvið annast rekstur, nýbyggingar og kaup og sölu fasteigna. Viðmiðunarleiga samanstendur af stofnverði eða raunkostnaði fjárfestingar, vaxtakjörum sveitarfélagsins, afskriftum, sköttum og tryggingum, viðhaldi húsa og lóða sem er 1%-4% af stofnverði sem og umsýslukostnaði sem er 0,5% af stofnverði.
- Húsaleiga framreiknast samkvæmt vísitölu neysluverðs.
- Áætlað er að tekjur Fasteigna Akureyrarbæjar á árinu 2023 verði 4.221 m.kr.



## Afskriftir og afskriftatími

- Fasteignir og lóðir: 2,5%-4% - 25 - 40 ár
- Veitukerfi: 4% - 25 ár
- Vélar og tæki: 7%-33% - 3-15 ár
- Leigðar eignir: 4%-13% - 8-25 ár



# Fjárhagsáætlun A- og B-hluta - Rekstrarniðurstaða

## Rekstrarniðurstaða



- Árið 2023 er gert ráð fyrir 2.566 m.kr. afgangi í A- og B-hluta fyrir fjármagnsliði og rekstrarniðurstaða áætluð 228 m.kr. í afgangi.



- Gert er ráð fyrir batnandi afkomu til ársins 2026.



- Heildareignir A- og B-hluta árið 2023 eru áætlaðar um 65.687 m.kr. Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar 39.728 m.kr. og eigið fé 25.958 m.kr.



- Tekjur A- og B-hluta eru áætlaðar 30.398 m.kr. árið 2023 og skiptast í skatttekjur sem eru 51,7% af heildartekjum, framlög frá Jöfnunarsjóði 16,2% og aðrar tekjur 32,1%.




- Gjöld A- og B-hluta eru áætluð 27.832 m.kr. Laun, launatengd gjöld og lífeyrisskuldbinding nema 61,41% af heildargjöldum, annar rekstrarkostnaður 29,98% og afskriftir 8,62%.




- Fjármagnsgjöld nema 2.321 m.kr.

## Rekstrarniðurstaða


● Rekstrarniðurstaða ● Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða



## Tekjur 2023



## Gjöld 2023







# Fjárhagsáætlun A- og B-hluta - Veltufé frá rekstri


## Veltufé frá rekstri

- Veltufé frá rekstri gefur til kynna hve miklu handbæru fé reksturinn hefur skilað á árinu og hægt er að ráðstafa til fjárfestinga og niðurgreiðslu skulda.
- Áætlað er að veltufé frá rekstri aukist jafnt og þétt frá árinu 2021.
- Á árinu 2023 er áætlað að veltufé frá rekstri verði 4.549 m.kr. eða 15% af heildar-tekjum.
- Heildarfjárfestinar á tímabilinu 2023-2026 eru áætlaðar 17,4 ma.kr.





## Fjárhagsáætlun A- og B-hluti - Lántaka



### Afborganir langtímaskulda

- *Langtímalán* eru lán til lengri tíma en eins árs.
- *Skammtímalán* eru lán til eins árs eða skemur þ.á.m. næsta árs afborganir langtímalána.
- Gert er ráð fyrir hækkun veltufjár frá rekstri út áætlunartímann og afborganir langtímalána hækki.
- Á árunum 2023-2026 er gert ráð fyrir auknum lántökum vegna fjárfestinga.

Ný lántaka 2023-2026

7.700

Afborganir lána 2023-2026

7.089

Fjárfesting 2023-2026

17.436


\*Upphæðir eru í m. kr



# Fjárhagsáætlun A- og B-hluta - Skuldahlutfall

## Skuldahlutfall

- *Skuldahlutfall* er hlutfall heildarskulda af heildartekjum.
- *Skuldaviðmið skv. reglugerð* er skuldahlutfall að frádregnum ákveðnum skuldbindingum sem heimilt er að taka út fyrir skuldahlutfall og er því nokkru lægra.
- Skuldaregla sveitarstjórnalaga nr. 138/2011 kveður á um að *skuldaviðmið* samstæðu sé ekki hærri en 150% af reglulegum tekjum.



Skuldahlutfall 2023

131%

Skuldaviðmið 2023

99%



# Fjárhagsáætlun A- og B-hluta

Samantekið yfirlit yfir rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi.


| Rekstrarreikningur        | 2021 - Raun | 2022 - Útkomuspá | 2023 - Áætlun | 2024 - Áætlun | 2025 - Áætlun | 2026 - Áætlun |
|---------------------------|-------------|------------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| ▲                         |             |                  |               |               |               |               |
| Tekjur                    | 28.424      | 28.417           | 30.398        | 31.906        | 33.404        | 34.810        |
| Gjöld                     | 21.839      | 22.141           | 23.035        | 24.139        | 25.451        | 26.289        |
| Fjármagnsliðir            | -1.636      | -2.790           | -2.321        | -2.138        | -2.066        | -1.965        |
| Tekjuskattur              | -72         | -45              | -17           | -55           | -56           | -56           |
| Rekstrarniðurstaða        | 752         | -778             | 228           | 469           | 494           | 918           |
| Efnahagsreikningur        |             |                  |               |               |               |               |
| Eignir                    | 62.775      | 63.187           | 65.687        | 67.660        | 69.545        | 70.881        |
| Eigið fé                  | 26.637      | 25.857           | 25.958        | 26.425        | 26.917        | 27.833        |
| Skuldir og skuldbindingar | 36.137      | 37.330           | 39.728        | 41.235        | 42.628        | 43.048        |
| Sjóðstreymi               |             |                  |               |               |               |               |
| Veltufé frá rekstri       | 3.906       | 3.995            | 4.549         | 4.736         | 4.775         | 5.204         |



# Stöðugildi

- Athugið að um heildarstöðugildafjölda er að ræða. Ekki er búið að draga frá vinnuskóla og önnur atvinnutengd úrræði eins og gert er í ársreikningi.
- Til vinnumarkaðsúrræða flokkast vinnuskóli og atvinnuáttaksverkefni
- Starfsmenn Hlíðarfjalls eru inni í stöðugildafjölda æskulýðs- og íþróttamála.
- Til umhverfis- og mannvirkjasviðs flokkast starfsmenn sviðsins í aðalsjóði auk félagslegra íbúða.
- Í stjórnsýslu og skipulagsmálum er gert ráð fyrir aukningu vegna aukinna verkefna

## Þróun stöðugilda - A- og B-hluti





| Málaflokkur             | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|-------------------------|------|------|------|------|------|------|
| Málefni fatlaðra        | 204  | 207  | 210  | 232  | 243  | 263  |
| Önnur félagsþjónusta    | 94   | 99   | 105  | 106  | 105  | 114  |
| Vinnumarkaðsúrræði      | 39   | 45   | 61   | 53   | 37   | 44   |
| Leikskólar              | 228  | 225  | 226  | 243  | 252  | 266  |
| Grunnskólar             | 424  | 434  | 438  | 431  | 429  | 429  |
| Önnur fræðslustarfsemi  | 47   | 49   | 48   | 46   | 46   | 47   |
| Menningarmál            | 22   | 23   | 22   | 21   | 20   | 20   |
| Æskulýðs- og íþróttamál | 73   | 75   | 73   | 75   | 70   | 76   |
| Slökkvilið              | 27   | 30   | 31   | 30   | 35   | 36   |

| Málaflokkur                  | 2018  | 2019  | 2020  | 2021  | 2022  | 2023  |
|------------------------------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|
| Menningarmál                 | 22    | 23    | 22    | 21    | 20    | 20    |
| Umhverfis- og mannvirkjasvið | 24    | 26    | 27    | 26    | 24    | 27    |
| Stjórnsýsla og skipulagsmál  | 58    | 58    | 61    | 59    | 57    | 62    |
| Umhverfismiðstöð og bifr.sj. | 36    | 36    | 36    | 36    | 33    | 35    |
| Strætisvagnar Akureyrar      | 18    | 17    | 16    | 18    | 21    | 21    |
| Hafnasamlag Norðurlands      | 14    | 16    | 15    | 15    | 18    | 22    |
| Norðurorka                   | 68    | 71    | 71    | 71    | 71    | 71    |
| Samtals stöðugildi           | 1.376 | 1.409 | 1.440 | 1.461 | 1.460 | 1.533 |



## Fjárhagsáætlun A- og B-hluti - Rekstrarjöfnuður



Samkvæmt 13. grein reglugerðar um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga, viðmið um jafnvægi í rekstri, skal sveitarstjórn sjá til þess að samhlöð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta yfir þriggja ára tímabil verði ekki hærri en sem nemur samhlöðum reglulegum tekjum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja. Í því felst að samhlöð rekstrarniðurstaða samkvæmt ársreikningi fyrir næstliðið ár, áætluð rekstrarniðurstaða fyrir yfirstandandi ár með hliðsjón af gildandi fjárhagsáætlun og samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár sýni jákvæða rekstrarniðurstöðu samstæðunnar.



# Framkvæmdayfirlit 2023-2026


## Framkvæmdir



- Á árinu 2023 er gert ráð fyrir framkvæmdum að fjárhæð 5.076 m.kr. og heimild til lántöku að fjárhæð 2.450 m.kr. sbr. sjóðstreymisyfirlit.
- Á áætlunartímabilinu öllu er gert ráð fyrir framkvæmdum að fjárhæð 17.436 m.kr.



Framkvæmdayfirlit A- og B-hluti (m.kr.)



| Framkvæmdayfirlit               | 2023      | 2024      | 2025      | 2026      | Samtals    |
|---------------------------------|-----------|-----------|-----------|-----------|------------|
| Fasteignir Akureyrarbæjar       | 1.580.000 | 1.423.000 | 1.295.000 | 870.000   | 5.168.000  |
| Umhverfismiðstöð                | 40.000    | 40.000    | 40.000    | 40.000    | 160.000    |
| Eignasjóður gatna o.fl.         | 362.000   | 360.000   | 485.000   | 535.000   | 1.742.000  |
| A- hluti                        | 1.982.000 | 1.823.000 | 1.820.000 | 1.445.000 | 7.070.000  |
| Félagslegar íbúðir              | 325.000   | 333.500   | 295.000   | 375.000   | 1.328.500  |
| Strætisvagnar Akureyrar         | 114.000   | 30.000    | 60.000    | 10.000    | 214.000    |
| Bifreiðastæðasjóður Akureyrar   | 65.000    | 30.000    | 20.000    | 20.000    | 135.000    |
| Hlíðarfjall                     | 331.000   | 200.000   | 128.000   | 30.000    | 689.000    |
| Hafnamannvirki                  | 202.000   | 431.000   | 290.000   | 300.000   | 1.223.000  |
| Norðurorka                      | 2.057.000 | 1.583.000 | 1.679.000 | 1.457.000 | 6.776.000  |
| Framkvæmdaáætlun A- og B- hluta | 5.076.000 | 4.430.500 | 4.292.000 | 3.637.000 | 17.435.500 |




## Framkvæmdayfirlit Fasteigna Akureyrarbæjar 2023-2026

| Fasteignir Akureyrarbæjar                 | 2023    | 2024    | 2025    | 2026    | Samtals |
|-------------------------------------------|---------|---------|---------|---------|---------|
| Nýtt hjúkrunarheimili, hluti Ak-bæjar     | 20.000  | 180.000 | 180.000 |         | 380.000 |
| Glerárskóli lóð austan og sunnan að hluta |         | 10.000  | 80.000  |         | 90.000  |
| Glerárskóli A-álma og garðar              | 550.000 | 153.000 |         |         | 703.000 |
| Glerárskóli C álma og tenging mannvirkja  |         |         | 30.000  | 300.000 | 330.000 |
| Nýr leikskóli                             | 10.000  | 200.000 | 240.000 |         | 450.000 |
| Síðuskóli lóð                             | 127.000 |         |         |         | 127.000 |
| Hof rakainngjöf loftræstingu              |         | 20.000  |         |         | 20.000  |
| Hof endurnýjun á búnaði                   | 30.000  | 20.000  | 20.000  | 20.000  | 90.000  |
| Skautahöll félagsaðstaða                  | 90.000  |         |         |         | 90.000  |
| Sundlaug Ak - Innlaug                     | 5.000   | 100.000 | 105.000 |         | 210.000 |
| KA keppnisvöllur og stúka                 | 623.000 | 300.000 |         |         | 923.000 |
| KA búnings- og félagsaðstaða              |         | 100.000 | 300.000 | 200.000 | 600.000 |
| Þórsvæði                                  |         | 185.000 | 180.000 |         | 365.000 |
| Ný innisundlaug - staðarvalsgreining      |         |         | 10.000  |         | 10.000  |
| Slökkvistöð endurbætur                    |         | 10.000  | 30.000  | 50.000  | 90.000  |

| Fasteignir Akureyrarbæjar               | 2023   | 2024    | 2025    | 2026    | Samtals |
|-----------------------------------------|--------|---------|---------|---------|---------|
| Kjarnaskógur leiksvæði og snyrtingar    |        | 30.000  |         |         | 30.000  |
| Hundasvæði, flutningur frá háskólasvæði | 5.000  | 5.000   |         |         | 10.000  |
| Hamrar uppbygging                       | 30.000 |         |         |         | 30.000  |
| Ráðhús framtíðarhúsnæði                 |        | 10.000  | 20.000  | 200.000 | 230.000 |
| Stofnbúnaður fyrir aðalsjóð             | 90.000 | 100.000 | 100.000 | 100.000 | 390.000 |


### Framkvæmdaáætlun Fasteignir Ak. 2023 (m.kr)





## Framkvæmdayfirlit Eignasjóðs gatna o.fl. 2023-2026

| Eignasjóður gatna                  | 2023     | 2024     | 2025     | 2026     | Samtals    |
|------------------------------------|----------|----------|----------|----------|------------|
| Gatnagerðargjöld                   | -800.000 | -800.000 | -800.000 | -800.000 | -3.200.000 |
| Endurbygging gatna                 | 95.000   | 110.000  | 100.000  | 100.000  | 405.000    |
| Nýbygging gatna                    | 513.000  | 505.000  | 550.000  | 720.000  | 2.288.000  |
| Malbikun gatna                     | 120.000  | 120.000  | 120.000  | 120.000  | 480.000    |
| Gangstéttar og stígar              | 201.000  | 190.000  | 230.000  | 200.000  | 821.000    |
| Ýmis verk                          | 53.000   | 20.000   | 30.000   | 30.000   | 133.000    |
| Umferðaröryggismál                 | 40.000   | 90.000   | 180.000  | 130.000  | 440.000    |
| Ýmis tæki og bifreiðar í Aðalsjóði | 40.000   | 55.000   | 75.000   | 35.000   | 205.000    |
| Miðbær                             | 100.000  | 70.000   |          |          | 170.000    |





Nokkur verkefni næstu ára:

- Holtahverfi
- Móahverfi
- Stígar og reiðleiðir
- Kirkjutröppur




# Framkvæmdaáætlun fyrirtækja B-hluta






## A-hluti

### Skipting gjalda helstu málaflokkar- 2023







### Þróun launakostnaðar í A-hluta (þús.kr.)






## A-hluti - tekjur og útgjöld á hvern íbúa






# Skatttekjur - Málaflokkur 100

## Skatttekjur heild




## Útsvar




- Skatttekjur samanstanda af útsvari, fasteignaskatti, lóðarleigu og framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
- Hlutverk Jöfnunarsjóðs er að jafna mismunandi útgjaldapörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins.

## Skipting skatttekna - 2023




## Framlög Jöfnunarsjóðs






# Fasteignagjöld - skipting

## Fasteignaskattur




## Lóðarleiga




- Fasteignagjöld eru innheimt af öllum fasteignum í sveitarfélaginu. Þau skiptast í fasteignaskatt, lóðarleigu og sorphirðugjald sem renna til aðalsjóðs og vatnsgjald og fráveitugjald sem renna til Norðurorku.

## Skipting fasteignagjalda 2023



## Sorphirðugjald






## Félagsþjónusta - Málaflokkur 102


### Rekstrarniðurstaða

● Áætlun ● Raun




### Laun

● Áætlun ● Raun




- Félagsþjónusta samanstendur af þjónustu við fatlaða, þjónustu við börn og unglunga, þjónustu við aldraða og ýmissri annarri félagslegri þjónustu.

### Skipting gjalda - 2023



### Málaflokkar félagsþjónustu






# Þjónusta við fatlað fólk


## Rekstrarniðurstaða

● Áætlun ● Raun




## Laun

● Áætlun ● Raun




- Þjónusta við fatlað fólk samanstendur m.a. af rekstri íbúða- og þjónustukjarna, ferliþjónustu og vinnustaða fyrir fatlað fólk.
- Árið 2020 var tekinn í notkun nýr búsetukjarni í Klettaborg sem leysti af hólmi herbergjasambýli.
- Í fjárhagsáætlun 2024-2026 eru ráðgert að taka í notkun tvo nýja búsetukjarna.

## Skipting gjalda - 2023



## Húsaleiga

● Áætlun ● Raun






## Félagsþjónusta - Málaflokkur 102


### Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

● Áætlun ● Raun



### Þjónusta við börn og unglinga


● Áætlun ● Raun



- **Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)** er lögbundin þjónusta og búast má við aukinni ásókn í þetta form þjónustu.
- Þjónusta við börn og unglinga hefur aukist undanfarin ár. Starfsstöð barnaverndar var færð til í reikningshaldi árið 2020 og útskýrir að stórum hluta stökkið milli 2019 og 2020.


### Fjárhagsaðstoð

● Áætlun ● Raun



### Ferliþjónusta fatlaðra

● Áætlun ● Raun






## Fræðslumál - Málaflokkur 104


### Rekstrarniðurstaða

● Áætlun ● Raun



### Laun

● Áætlun ● Raun




- Undir málaflokk fræðslumála fellur rekstur leik- og grunnskóla auk tónlistarskólans og annarrar fræðslustarfsemi.


- Í september 2021 var öllum börnum sem náð höfðu 1 árs aldri boðið leikskólapláss. Áfram er stefnt að því að bjóða öllum árgömlum börnum leikskólapláss frá hausti 2023.

- Í skoðun er að taka upp greiðslur til foreldra sem ekki fá leikskólaplass frá 12 mánaða aldri barns.

### Skipting gjalda - 2023



### Skipting fræðslumála






# Grunnskólar


## Rekstrarniðurstaða

● Áætlun ● Raun




## Laun

● Áætlun ● Raun




- Akureyrarbær rekur 10 grunnskóla.
- Áætlaður heildarfjöldi nemenda árið 2023 er um 2.700.
- Áætlaður kostnaður á hvern nemanda er 2.290 þús.kr. á ári.

## Skipting gjalda - áætlun 2023



## Húsaleiga

● Áætlun ● Raun






# Leikskólar


## Rekstrarniðurstaða

● Áætlun ● Raun




## Laun

● Áætlun ● Raun




- Akureyrarbær rekur 9 leikskóla auk þess að veita framlög til reksturs eins einkarekins leikskóla.
- Áætlaður heildarfjöldi barna á leikskólum Akureyrarbæjar árið 2023 er 970.
- Áætlaður kostnaður Akureyrarbæjar við hvert leikskólabarn er 3.196 þús.kr. á ári.
- Kostnaðarþátttaka foreldra er að meðaltali 12%.

## Skipting gjalda - áætlun 2023



## Húsaleiga

● Áætlun ● Raun







# Rekstrarkostnaður á hvern nemanda í leik- og grunnskólum



## Rekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskóla



## Rekstrarkostnaður hvern nemanda í leikskóla






## Menningarmál - Málaflokkur 105


### Rekstrarniðurstaða

● Áætlun ● Raun




### Laun

● Áætlun ● Raun




- Til menningarmála telst ýmis menningartengd starfsemi, rekstur safna s.s. Amtsbókasafnsins og Listasafnsins sem og framlög til Menningarfélags Akureyrar, MAK.
- Árið 2020 lækkaði launakostnaður málaflokksins þegar Minjasafnið tók yfir umsjón launagreiðsla til sinna starfsmanna.

### Skipting gjalda - áætlun 2023





### Húsaleiga

● Áætlun ● Raun







# Æskulýðs- og íþróttamál - Málaflokkur 106





- Undir æskulýðs- og íþróttamál fellur m.a. rekstur íþróttamannvirkja Akureyrarbæjar, styrkir til íþróttafélaga, rekstrarframlög til Hlíðarfjalls, rekstur félagsmiðstöðva, forvarnastarfsemi og vinnuskólinn.
- Frístundastyrkur hækkar um 5.000 kr. ár árinu 2023 og verður 45.000 kr. á ári







# Brunamál og almannavarnir - Málaflokkur 107





- Slökkviliðið annast brunavarnir, sjúkraflutninga og sjúkraflug, björgunarstörf og almannavarnir.







# Umferðar- og samgöngumál - Málaflokkur 110



- Til umferðar- og samgöngumála heyrir m.a. rekstrarframlag til Strætisvagna Akureyrar, snjómokstur og leiga og viðhald gatna.






# Umhverfið okkar - ýmis mál


## Snjómokstur og hálkuvarnir

● Áætlun ● Raun




## Hreinsun gatna

● Áætlun ● Raun




## Fegrun og hirðing opinna svæða

● Áætlun ● Raun





## Viðhald og rekstur gatnakerfis

● Áætlun ● Raun







## Sameiginlegur kostnaður - Málaflokkur 121




- Sameiginlegur kostnaður er stjórnsýsla sveitarfélagsins, bæjarstjórn og starfsemi fjársýslusviðs og stjórnsýslusviðs sem veitir ýmsa innri og ytri stoðþjónustu við svið og stofnanir sveitarfélagsins.
- Á árinu 2022 fluttust 5 starfsmenn af málaflokki atvinnumála yfir á sameiginlegan kostnað, í kjölfar skipulagsbreytinga.






# Fasteignir Akureyrarbæjar - 3100

## Rekstrarniðurstaða




## Viðhald




- Fasteignir Akureyrarbæjar er eignasjóður sem annast nýbyggingar, viðhald og rekstur fasteigna bæjarins. Leigutekjur sjóðsins koma að lang stærstu leyti frá rekstrareiningum innan aðalsjóðs, m.a. vegna skóla og íþróttamannvirkja.

## Skipting gjalda - áætlun 2023



## Tekjur






# Umhverfismiðstöð - 3300


## Rekstrarhalli

● Áætlun ● Raun



## Laun


● Áætlun ● Raun



- Umhverfismiðstöð er fyrirtæki í eigu Akureyrarbæjar og flokkast með A-hluta.
- Umhverfismiðstöð annast hirðingu bæjarins, slátt, þrif, skreytingar og snjómokstur.
- Tekjur Umhverfismiðstöðvar koma að stærstum hluta frá aðalsjóði.


## Skipting gjalda 2023

● Laun og launatengd...  
● Vörukaup  
● Afskriftir  
● Fjármagnsliðir  
● Annar starfsmannak...  
● Fasteignagjöld



## Tekjur


● Áætlun ● Raun






## Félagslegar íbúðir - 4300

### Rekstrarniðurstaða




- Félagslegar íbúðir er B-hluta fyrirtæki sem annast rekstur og viðhald leiguíbúða sveitarfélagsins.
- Leiguíbúðir eru um 330.
- Úthlutun leiguíbúða tilheyrir félagsþjónustu.

### Skipting gjalda - áætlun 2023




### Viðhald






## Strætisvagnar Akureyrar - 4500

### Rekstrarframlög frá Aðalsjóði




- Strætisvagnar annast rekstur almenningssamgangna, bæði strætisvagna og ferlipjónustu.
- Almenningsamgöngur Akureyrarbæjar eru gjaldfrjálsar.
- Rekstrarframlög strætisvagna koma frá félagsþjónustu og umferðar- og samgöngumálum.

### Skipting gjalda - áætlun 2023




### Laun






## Hlíðarfjall - 4800

### Rekstrarframlög frá Aðalsjóði




### Tekjur




- Hlíðarfjall annast rekstur skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli.
- Hlíðarfjall er rekið með þjónustutekjum og framlögum úr Aðalsjóði.

### Skipting gjalda - áætlun 2023



### Laun






# Hafnasamlag Norðurlands - 4900


## Rekstrarniðurstaða

● Áætlun ● Raun




## Tekjur

● Áætlun ● Raun



- Hafnasamlagið annast rekstur hafnanna á Akureyri, Hjalteyri, Hrísey, Grímsey, Grenivík og Svalbarðseyri.
- Tekjur Hafnasamlagsins drógust saman á árinu 2020 vegna hruns í komu skemmtiferðaskipa.

## Skipting gjalda - áætlun 2023



## Laun

● Áætlun ● Raun

